Miðvikudaginn 29. október 1958.

Nr. 215/1957. **Ákæruvaldið**

gegn

**Marteini Jóni Magnússyni Skaftfells, Friðriki Lunddal Baldvinssyni, Jóni Hilmari Norðfjörð, Klemenzi Þorleifssyni, Steindóri Björnssyni og Guðna Sigurði Einarssyni.**

**Dómendur:**
**hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðssoin og prófessorarnir Ólafur Jóhannesson og Magnús Þ. Torfason.**

Kveðið á um frekari öflun gagna.

**Úrskurður Hæstaréttar.**

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt með skírskotun til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1932 að æskja umsagnar Læknaráðs um eftirgreind atriði:

1. Hver er hin læknisfræðilega skilgreining á orðinu lyf?
2. Umsögn Læknaráðs óskast um álitsgerð Júlíusar Sigurjónssonar prófessors, dagsetta 14. febrúar 1957, og um álitsgerð Kristins Stefánssonar lyfsölustjóra, dagsetta 22. febrúar 1957, sem lagðar hafa verið fram í máli þessu í héraði.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té umsögn um framangreind atriði.